



SAMBAND ÍSLENZKRA BANKAMANNA

Laugavegi 103, 5. hæð, 125 Reykjavík
Pósthólf 5506, sími (91)26252

Skrifstofan er opin:

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga
kl. 9—12.30 og 13—17.

Fimmtudaga kl. 9—12.30 og 13—19.

Laugardaga er lokað.

Skrifstofustjóri:

Ritari: Sigrún Ólafsdóttir Boysen

Stjórn Sambands ísl. bankamanna:

Formaður: Sólon R. Sigurðsson

Varaformaður: Jón G. Bergmann

Ritari: Svavar Jóhannsson

Gjaldkeri: Guðmundur Eiríksson

Meðstjórnandi: Sveinbjörn Hafliðason

Varastjórn: Jóhannes Magnússon

Unnur Hauksdóttir

Porkell Magnússon

Björn Magnússon



SAMBAND ÍSLENZKRA BANKAMANNA

**SAMKOMULAG
UM
STÖRF OG LAUNAKJÖR
STARFSMANNA BANKANNA**

1. JÚLÍ 1976 — 30. JÚNÍ 1978

EFNISYFIRLIT:

	Bls.
1. gr. — Skilgreining launaflokka	3
2. gr. — Um launafjárhæðir	4
3. gr. — Um útborgun launa og afleysingar	5
4. gr. — Um ráðningar í stöður	6
5. gr. — Um reynslutíma, fastráðningar og uppsagnarfrest	6
6. gr. — Um trúnaðarmenn starfsmanna o.fl.	7
7. gr. — Um vinnutíma	8
8. gr. — Yfirvinnutími	8
9. gr. — Yfirvinnukaup	9
10. gr. — Vinnuvaktir	10
11. gr. — Álag vegna afbrigðilegs vinnutíma	10
12. gr. — Vinnuhlé	10
13. gr. — Frídagar	11
14. gr. — Orlof	12
15. gr. — Um fjarvistir vegna veikinda	13
16. gr. — Um barnsburðarfrí	14
17. gr. — Um starfsmenn sem vinna hluta úr degi	14
18. gr. — Tryggingar	14
19. gr. — Um samvinnunefnd bankanna	15
20. gr. — Um sáttanefnd	16
21. gr. — Vísitöluákvæði	16
22. gr. — Gildistími	18
Fylgiskjal I	19
Fylgiskjal II	21
Fylgiskjal III	24

SAMKOMULAG

UM

**STÖRF OG LAUNAKJÖR
STARFSMANNA BANKANNA**

1. gr.

Skilgreining launaflokka

Launaflokkar bankanna eru:

1. flokkur: Sendlar
2. flokkur: Nýliðar og sendlar
3. flokkur: Aðstoðarfólk
4. flokkur: Skrifstofufólk
5. flokkur: Bankaritarar og gæslumenn
6. flokkur: Bankaritarar — framhaldsflokkur
7. flokkur: Bankaritarar með fullan 10 ára starfsaldur
8. flokkur: Aðstoðarfulltrúar
Einkaritarar
Gjaldkerar
9. flokkur: Fulltrúar
Féhirðar
Sérfræðingar
10. flokkur: Deildarstjórar
Féhirðar
Sérfræðingar
Skrifstofustjórar
Útibússtjórar
11. flokkur: Forstöðumenn
Skrifstofustjórar
Útibússtjórar
Sérfræðingar
12. flokkur: Embættismenn
Aðalbókarar
Aðalendurskoðendur
Aðalféhirðar
Aðallögfræðingar
Forstöðumenn
Skipulagsstjórar

12. flokkur (frh.): Skrifstofustjórar
Starfsmannastjórar
Útibússtjórar
Sérfræðingar

Bankastjórn ákveður nánar en skilgreint er, hvaða starfsmenn skulu vera í hverjum launaflokki.

2. gr.

Um launafjárhæðir

1. mgr. Mánaðarlaun skv. framangreindum launaflokkum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1976. Heimilt er að hafa hækkunar örari, þegar sérstaklega stendur á.

2. mgr.	1. þrep	2. þrep	3. þrep
1. flokkur	45.700	48.000	50.600
2. flokkur	53.100	55.600	58.000
3. flokkur	62.600	64.000	66.000
4. flokkur	68.200	71.000	74.000
5. flokkur	76.000	78.000	80.000
6. flokkur	82.400	85.000	88.000
7. flokkur	89.500	91.000	93.000
8. flokkur	97.200	101.200	105.000
9. flokkur	108.000	111.000	114.000
10. flokkur	118.850	123.700	128.500
11. flokkur	131.600	136.200	141.000
12. flokkur	145.850	150.700	155.500

3. mgr. Hinn 1. október 1976 skulu laun vera sem hér segir:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep
1. flokkur	48.500	50.900	53.600
2. flokkur	56.300	58.900	61.500
3. flokkur	66.400	67.800	70.000
4. flokkur	73.000	76.000	79.200
5. flokkur	80.600	82.700	84.800
6. flokkur	87.400	90.100	93.300
7. flokkur	94.900	96.500	98.600
8. flokkur	103.000	107.300	111.300
9. flokkur	114.500	117.700	120.800
10. flokkur	127.170	132.360	137.500
11. flokkur	142.200	147.100	152.300
12. flokkur	158.975	165.350	169.500

4. mgr. Framangreind laun skulu hækka hinn 1. febrúar 1977 um 5% og þau laun síðan hækka um 4% hinn 1. júlí 1977.

5. mgr. Kjör samkvæmt samkomulagi þessu eru lágmarkskjör.

3. gr.

Um útborgun launa og afleysingar

1. mgr. Fastráðnir starfsmenn fá laun sín greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar, en lausráðnir starfsmenn eftir á í lok hvers mánaðar eða fyrsta virkan dag þess næsta.

2. mgr. Starfsmaður, sem gegnir störfum fulltrúa eða annars yfirmanns, sem hærra er launaður, skal eiga rétt á greiðslu launa skv. launaflokki hins síðarnefnda, gegni hann starfi yfirmanns lengur en 5 vikur samfelld eða 9 vikur á hverjum 12 mánuðum, enda sé tekin um það ákvörðun hverju sinni.

4. gr.

Um ráðningar í stöður

- 1. mgr.** Þegar stöður í 9.—12. launaflokki losna eða eru ákveðnar skulu þær auglýstar lausar til umsóknar með þriggja vikna fyrirvara í viðkomandi banka og tilkynning send skrifstofu Sambands ísl. bankamanna. Sama gildir um stöður aðstoðar-bankastjóra og aðrar hliðstæðar stöður.
- 2. mgr.** Bankastarfsfólk skal að jafnaði sitja fyrir við ráðningu í stöður þessar.
- 3. mgr.** Starfsmenn mega ekki, án leyfis bankastjórnar, reka atvinnu né vera umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

5. gr.

Um reynslutíma, fastráðningu og uppsagnarfrest

- 1. mgr.** Það skal vera aðalregla, að nýir starfsmenn séu ráðnir til reynslu í sex mánuði. Stytta má reynslutíma. Strax að loknum reynslutíma skal tekin ákvörðun um fastráðningu. Við fastráðningu skal gera skriflegan ráðningarsamning.
- 2. mgr.** Gagnkvæmur uppsagnarfrestur fastráðinna starfsmanna er þrjú mánuðir frá byrjun næsta mánaðar að telja. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 3. mgr.** Gagnkvæmur uppsagnarfrestur lausráðinna starfsmanna er einn mánuður frá byrjun næsta mánaðar að telja. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 4. mgr.** Starfsmanni, sem sagt er upp starfi, skal veittur kostur á að tala máli sínu áður en lokaákvörðun um uppsögn er tekin. Formanni viðkomandi starfsmannafélags skal gefinn kostur á að fylgjast með málsmeðferð.
- 5. mgr.** Hafi starfsmaður brotið starfsreglur bankans í verulegu atriði, má víkja honum úr starfi fyrirvaralaust og fellur þá launagreiðsla niður þegar í stað. Formanni viðkomandi starfsmannafélags skal gefinn kostur á að fylgjast með málsmeðferð.

- 6. mgr.** Nýir starfsmenn skulu ljúka námi við Bankamanna-skólann, nema annað sé ákveðið.

6. gr.

Um trúnaðarmenn starfsmanna o.fl.

- 1. mgr.** Stjórnir starfsmannafélaga eru trúnaðarmenn og mál-svarar starfsfólks viðkomandi banka og tengiliður milli þess og stjórnenda bankans.
- 2. mgr.** Trúnaðarmenn geri sitt besta til að skapa og viðhalda góðri samvinnu innan bankans og leitast við að leysa hugsanleg ágreiningsefni.
- 3. mgr.** Fundir bankastjórnar, starfsmannastjóra og stjórnar starfsmannafélags um almenn hagsmunamál starfsfólks skulu haldnir, þegar annar hvor aðili óskar.
- 4. mgr.** Formaður starfsmannafélags, í samráði við stjórn þess, fylgist með og hefur tillögurétt um launabreytingar og framkvæmd samkomulags þessa. Hann á rétt á að koma á fundi bankaráðs til að ræða málefni starfsmanna.
- 5. mgr.** Fundir með stjórnendum og deildarstjórum banka og stjórnar starfsmannafélags, einkum um skipulag og starfsemi bankans og áform um breytingar á því, skulu haldnir þegar tilefni gefst til og annar hvor aðili óskar.
- 6. mgr.** Allir starfsmenn, sem taka laun skv. samkomulagi þessu, skulu greiða árgjöld til starfsmannafélags viðkomandi banka og heildarsamtaka bankamanna.
- 7. mgr.** Formanni starfsmannafélags er heimilt að rækja félagslegar skyldur sínar í vinnutíma og skal honum sköpuð starfsaðstaða á vinnustað til að sinna hlutverki sínu með að-gangi að sima og jafnframt til að ræða einslega við samstarfs-menn sína.
- 8. mgr.** Kjörnir fulltrúar starfsmanna skulu hljóta hæfilegan frítíma á óskertum launum til nauðsynlegrar þátttöku á nám-

skeiðum og fundum er snerta störf þeirra sem slíkra, enda valdi það sem minnstri röskun á starfsemi bankans.

7. gr.

Um vinnutíma

1. mgr. Daglegur vinnutími er 8 stundir 5 daga vikunnar, mánudaga til föstudaga að báðum dögum meðtöldum. Hinn almenni dagvinnutími er frá kl. 9,00 að morgni til kl. 17.00 síðdegis, að frádregnu hálftrar klukkustundar matarhléi. Inn í þessum vinnutíma telst 20 mínútna kaffihlé síðdegis.
2. mgr. Vinnuvika vakta skal hefjast kl. 0,00 aðfararnótt mánudags og ljúka kl. 24,00 föstudagskvöld.
3. mgr. Heimilt er að haga vinnudegi með öðrum hætti en segir í 1. og 2. mgr., ef aðilar eru sammála um það og aðstæður leyfa.
4. mgr. Ekki skal telja yfirvinnu eða greiða vaktaálag hjá þeim, sem vinna fastan vinnutíma frá kl. 13,00—19,00.
5. mgr. Starfsmenn skulu ljúka venjulegum daglegum verkefnum, þó að það taki lengri tíma en hinn tilgreinda vinnutíma.
6. mgr. Komu- og brottfarartími starfsmanna skal skráður eftir þeim reglum, sem bankinn setur. Óskert launagreiðsla er háð því, að starfsmaður mæti á réttum tíma til vinnu.

8. gr.

Yfirvinnutími

1. mgr. Sé unnið fram yfir venjulegan vinnutíma við störf, sem ekki teljast til daglegra verkefna, skal greiða yfirvinnu, enda sé ákvörðun tekin um það hverju sinni. Vinnutími skal vera samfelldur, að öðrum kosti reiknast auður tími milli vinnutíma að fullu. Sé starfsmaður kallaður út óvænt til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greiða yfirvinnu-

kaup fyrir minnst 3 klst., nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan 3ja klst. frá því hann fór til vinnu.

2. mgr. Sé unnið í matartíma, þannig að matarhlé nái ekki fullum umsömdum tíma, skal matartíminn að sama hluta greiddast með yfirvinnukaupi. Matartímar og kaffitímar á yfirvinnutímabili, sem unnir eru, greiddast sem viðbót við yfirvinnutíma, svo og kaffitímar í yfirvinnu sé unnið að fremri mörkum þeirra.
3. mgr. Starfsmenn, sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum, skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf þann tíma, sem fellur utan venjulegrar dagvinnu. Þetta ákvæði á þó ekki við um vinnutíma vaktmanna eða starfsfólks, sem vinnur reglulega utan almenns vinnutíma.
4. mgr. Öll vinna, sem unnin er á frídögum skv. 13. gr. telst yfirvinna.
5. mgr. Sé þess óskað, að staðin sé útkallsvakt, en með útkallsvakt er átt við, að starfsmaður sé ekki við störf, en reiðubúinn til að sinna útkalli, skal greiða 0,2% af mánaðarlaunum á klst. meðan vaktin stendur. Ef starfsmaður er kallaður í vinnu á meðan, greiddist útkallið samanber 1. mgr., og falla niður útkallsvaktagreiðslur fyrir þann tíma.

9. gr.

Yfirvinnukaup

1. mgr. Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1% af mánaðarlaunum miðað við það launaprep, er viðkomandi starfsmaður tekur laun eftir.
2. mgr. Öll vinna, sem unnin er á stórhátíðum (nýársdag, páskdag, hvítasunnudag, jóladag og eftir kl. 12,00 á aðfangadag jóla og gamlársgdag og á föstudaginn langa), greiddist með tímakaupi, sem nemur 1.375% af mánaðarlaunum miðað við það launaprep, er starfsmaður tekur laun eftir.

3. mgr. Hafi maður unnið a.m.k. 6 klst. í yfirvinnu á tímabilinu kl. 19,00 til kl. 08,00 og haldið áfram vinnu innan 8 klst. á föstum venjulegum vinnutíma, ber honum yfirvinnuálag (37,5% af yfirvinnutímakaupi) fyrir þann tíma án frádráttar af fastalaunum.

4. mgr. Semja má við starfsmenn um fasta mánaðarlega þóknun fyrir yfirvinnu.

10. gr.

Vinnuvaktir

1. mgr. Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal skrá, er sýni væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest.

11. gr.

Álag vegna afbrigðilegs vinnutíma

1. mgr. Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils, skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegrar dagvinnu, sjá þó 3. mgr. 7. gr.

2. mgr. Vaktaálag fyrir hverja klst. skal vera 33,33% af dagvinnutímakaupi í 6. lfl. 3. þrepi. Álag þetta greiðist á sama hátt og yfirvinnukaup.

12. gr.

Vinnuhlé

1. mgr. Matartími, 30 mínútur, skal vera á tímabilinu kl. 11,30—13,30 og telst hann eigi til vinnutíma. Ef mötuneyti er ekki fyrir hendi, skal matartími vera 1 klst. á sama tímabili.

2. mgr. Sé unnin yfirvinna, skulu vera matartímar, 1 klukkustund, á tímabilinu kl. 19—20 að kvöldi, kl. 3—4 að nóttu og kl.

11,30—13,30 á laugardögum, sunnudögum og frídögum skv. 13. gr. Matartímar þessir á yfirvinnutímabili teljast til vinnutímans, enda sé vinnu haldið áfram eftir síðari mörk matartímabilsins.

3. mgr. Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna, sem í hlut eiga.

4. mgr. Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt samkvæmt 3. mgr. lýkur dagvinnutímabili þeim mun síðar eða fyrr. Séu matartímar lengdir samkvæmt 3. mgr., telst lengingin ekki til vinnutímans.

5. mgr. Á venjulegum vinnudegi, skal vera 20 mínútna kaffihlé og telst það til vinnutíma, sbr. 1. mgr. 7. gr.

6. mgr. Sé unnin yfirvinna eða aukavakt skulu kaffitímar vera kl. 21,00—21,20, 24,00—0,20, 5,40—6,00 og 7,45—8,00. Kaffi- og matartímar í yfirvinnu á tímabilinu kl. 8,00—17,00 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.

7. mgr. Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.

8. mgr. Starfsfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfans vegna. Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum, skal telja hverja vakt, sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu, 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam.

13. gr.

Frídagar

1. mgr. Frídagar eru allir helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, 17. júní og fyrsti mánudagur í ágúst. Ennfremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 12,00.

14. gr.
Orlof

1. **mgr.** Allir starfsmenn fá árlegt leyfi 24 virka daga. Þeir, sem starfað hafa í 10 ár eða eru orðnir 35 ára að aldri, fá þó leyfi 27 virka daga á ári, og þeir, sem starfað hafa í 15 ár eða eru komnir yfir fimmtugt, fá leyfi 30 virka daga á ári. Starfsmenn í 9. launaflokki fá leyfi í 27 virka daga, og starfsmenn í 10.—12. launaflokki fá leyfi 30 virka daga á ári, án tillits til aldurs eða starfsaldurs.
2. **mgr.** Starfsmaður, sem starfar hluta úr ári, skal fá orlof í tvo virka daga fyrir hvern mánuð, sem hann hefur starfað hjá bankanum.
3. **mgr.** Orlofsárið telst frá 1. maí til 30. apríl.
4. **mgr.** Starfsmenn noti að jafnaði orlof á tímabilinu frá 1. júní til 30. september. Yfirmaður getur þó ákveðið í samráði við starfsmann, hvenær hann notar leyfistímann. Störf þeirra, sem njóta leyfis, inna aðrir starfsmenn af hendi.
5. **mgr.** Orlof má aðeins geyma milli ára með sérstöku samkomulagi við starfsmannastjóra.
6. **mgr.** Veikist starfsmaður í orlofi, skal það lengjast um þann tíma, sem veikindunum nemur, enda sanni starfsmaður veikindi sín með læknisvottorði.
7. **mgr.** Starfsmaður skal fá 8,33% í orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samkomulagi þessu. Reglur samkvæmt ákvæði þessu gilda frá 1. maí 1976.
8. **mgr.** Ávinni starfsmaður sér ekki orlofsfé á orlofsárinu svo nemi 15.000 kr. skal hann fá greitt orlofsframlag 1250 kr. fyrir fullt mánaðarstarf að frádregnum tólfta hluta áunnins orlofsfjár. Gjaldldagi orlofsframlags er 1. júní.
9. **mgr.** Starfsmenn, sem nota leyfistíma sinn eða hluta af honum á tímabilinu frá 1. október til 31. maí fá hann lengdan um ¼ hluta.

15. gr.
Um fjarvistir vegna veikinda

1. **mgr.** Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum ekki sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum, og verður þá ákveðið, hvort læknisvottorðs skuli krafist.
2. **mgr.** Verði fastráðinn starfsmaður veikur, þá heldur hann launum sínum óskertum, ef veikindi hans vara eigi lengur en 3 mánuði á 12 mánuðum. Sé hann vegna veikinda ófær til starfs í bankanum lengur en 3 mánuði á 12 mánuðum, lækka laun hans um helming þann tíma, sem umfram er. Þegar veikindi hans hafa varað í 6 mánuði á 12 mánuðum, fellur launagreiðsla niður. Fyrir starfsmenn, sem verið hafa í bankanum í 10 ár, lengist 3ja mánaða fresturinn upp í 4 mánuði og 6 mánaða fresturinn upp í 8 mánuði. Fyrir starfsmenn, er verið hafa í bankanum í 15 ár eða lengur, lengist 3ja mánaða fresturinn upp í 6 mánuði og 6 mánaða fresturinn upp í 12 mánuði. Starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu bankans í 20 ár eða lengur, á rétt til fullra launa í 12 mánuði, en þá fellur launagreiðslan niður.
3. **mgr.** Um starfsmenn, sem verða að hætta starfi vegna varanlegrar örorku, fer eftir ákvæðum reglugerða um eftirlaunasjóði starfsmanna bankanna, eftir því sem við á.
4. **mgr.** Hver banki ræður lækni til þess að annast nauðsynlegt eftirlit með heilbrigði og heilsuvernd starfsmanna, og er hann jafnframt trúnaðarlæknir bankastjórnar, einng að því er varðar framkvæmd eftirlits með fjarvistum vegna veikinda.
5. **mgr.** Við andlát fastráðins starfsmanns skal greiða eftirlifandi maka, eða börnum hans til 18 ára aldurs, sem svarar 4ra mánaða launum hins látna, talið frá næstu mánaðamótum eftir andlátið. Ennfremur ber að greiða fyrrgreindum aðilum áunnin orlofsréttindi.

16. gr.

Um barnsburðarfrí

1. mgr. Vegna barnsburðar skal fastráðin kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals þrjú mánuði. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi trúnaðarlæknis, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga, sbr. 14. gr.

17. gr.

Um starfsmenn, sem vinna hluta úr degi

1. mgr. Starfsmenn, sem vinna minnst 50% starfs á mánuði, eiga rétt á fastráðningu eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn.

2. mgr. Launahlutfall ofangreindra starfsmanna er sem hér segir:

Unnið frá kl.	9,00—12,00	44%
	9,00—13,00	50%
	12,30—17,00	56%
	13,00—17,00	50%

3. mgr. Starfsmaður, sem vinnur hluta úr degi og ekki getur notið fastráðningar, skal hafa þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest, enda hafi hann starfað a.m.k. 2 ár í bankanum.

18. gr.

Tryggingar

1. mgr. Starfsmenn skulu vera slysatryggðir fyrir dauða sem hér segir:

- 1) Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir barn og hafði ekki fyrir öldruðu foreldri að sjá (67 ára eða eldri) **kr. 328.000**
- 2) Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 17 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir

foreldri eða foreldrum (67 ára eða eldri) **kr. 1.040.000**

- 3) Ef hinn látni er giftur, bætur til maka **kr. 1.420.000**
- 4) Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjörbarn, fósturbarn) innan 17 ára aldurs, fyrir hvert barn **kr. 273.000**

Bætur greiðast aðeins samkvæmt einum tölulið 1., 2. og 3. en til viðbótar samkvæmt 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

Réttthafar dánarbóta skv. hverjum tölulið eru þessir:

- 1) Lögerfingjar
- 2) Viðkomandi aðilar að jöfnu
- 3) Eftirlifandi maki
- 4) Viðkomandi börn, en bætur greiðast til eftirlifandi maka, ef hann eða annað foreldri er á lífi, ella til skiptaráðanda og/eða fjárhaldsmanns

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við vátryggingarupphæðina kr. 2.400.000, þó þannig að hvert örorkustig yfir 75% verkar tvöfalt, og geta heildarbætur því orðið kr. 3.000.000 við 100% örorku.

2. mgr. Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingarskyldur launþegi kemur á launaskrá (hefur störf), en fellur úr gildi um leið og hann fellur af launaskrá (hættir störfum).

3. mgr. Tryggingaupphæðir verði endurskoðaðar um hver áramót, og taki breytingu miðað við hlutfallslega hækkun fastra launa, talið frá 1. júlí 1976, miðað við laun í 7. launaflokki 3. þrepi.

19. gr.

Um Samvinnunefnd bankanna o.fl.

1. mgr. Bankar þeir, sem að reglugerð þessari standa, skipa einn fulltrúa hver í nefnd, sem nefnist Samvinnunefnd bank-

anna. Hún hefur á hendi umsjón með framkvæmd samkomulags þessa.

2. mgr. Bankarnir geta hver fyrir sig sett nánari starfsreglur fyrir starfsmenn sína og skal samræma þær. Leita skal um-sagnar stjórnar Sambands íslenskra bankamanna, áður en þær taka gildi.

20. gr.

Um Sáttanefnd

1. mgr. Samvinnunefnd bankanna og stjórn Sambands íslenskra bankamanna skulu tilnefna tvo menn hvor í nefnd, sem hefur það hlutverk að leita samkomulags um ágreiningsatriði, er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samkomulags þessa.

2. mgr. Ágreiningsatriði, sem ekki leysast fyrir milligöngu stjórnar starfsmannafélags eða stjórnar SÍB, skulu send nefndinni ásamt greinargerð um málavöxtu, áður en leitað er úrskurðar bankastjórnar eða bankaráðs.

21. gr.

Vísitöluákvæði

1. mgr. Ef vísitala framfærslukostnaðar verður hærri en 557 stig 1. júní 1976, skulu laun samkvæmt samkomulagi þessu hækka frá 1. júlí 1976 í hlutfalli við hækkun vísitölunnar umfram þetta mark.

2. mgr. Ef vísitala framfærslukostnaðar verður hærri en 586 stig 1. október 1976 og minnst 5,2% hærri en vísitalan 1. júní 1976, skulu laun samkvæm samkomulagi þessu hækka frá 1.

nóvember 1976 í hlutfalli við hækkun vísitölunnar umfram 586 stig eða umfram þá vísitölu, er reiknuð var út 1. júní 1976 að viðbætti 5,2% hækkun, hvort sem hærra er.

3. mgr. Ef vísitala framfærslukostnaðar verður hærri en 612 stig 1. febrúar 1977 og minnst 4,4% hærri en vísitalan 1. október 1976, skulu laun samkvæmt samkomulagi þessu hækka frá 1. mars 1977 í hlutfalli við hækkun vísitölunnar umfram 612 stig eða umfram þá vísitölu, er reiknuð var út 1. október 1976 að viðbætti 4,4% hækkun, hvort sem hærra er.

4. mgr. Frá og með 1. júní 1977 og síðan ársfjórðungslega út gildistímabilið skulu laun síðan hækka í hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölunnar umfram 612 stig eða umfram þá vísitölu, sem reiknuð var út 1. febrúar 1977 skv. ákvæðum 3. mgr., hvort sem hærra er, til 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1977 og til 1. febrúar og 1. maí 1978.

5. mgr. Við útreikning umframhækkunar samkvæmt 1.—4. mgr. skal miða við framfærsluvísitölu reiknaða með 2 aukastöfum, að frádreginni þeirri hækkun hennar, er leitt hefur af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru eftir 1. febrúar 1976, vegna launahækkana á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti. Einnig skal draga frá þá hækkun, er kann að hafa orðið eftir 1. febrúar 1976 vegna hækkunar á útsöluverði áfengis og tóbaks. Kauplagsnefnd framkvæmir þessa útreikninga og tilkynnir aðilum þá verðlags-uppbót, er greidd skal á hverju tímabili. Skal hún reiknuð með 2 aukastöfum.

22. gr.
Gildistími

1. mgr. Gildistími samkomulags þessa er frá 1. júlí 1976 til og með 30. júní 1978. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir.

2. mgr. Heimilt er að segja upp samkomulagi þessu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. júlí 1977, sbr. yfirlýsingu bankanna um réttarstöðu starfsmanna og fylgiskjal þeirrar yfirlýsingar.

Viðfest fylgiskjöl eru hluti samkomulags þessa.

Reykjavík, 18. júní 1976

VIÐRÆÐUNEFND
BANKANNA

Björgvin Vilmundarson (sign)
Stefán Pálsson (sign)
Ármann Jakobsson (sign)
Björn Tryggvason (sign)
Kristján Oddsson (sign)
Pétur Erlendsson (sign)
Stefán M. Gunnarsson (sign)

SAMBAND
ÍSLENSKRA BANKAMANNA

Sólon R. Sigurðsson (sign)
Jón G. Bergmann (sign)
Sveinbjörn Hafliðason (sign)
Guðmundur Eiríksson (sign)
Svavar Jóhannsson (sign)

FYLGISKJAL I

Í viðræðum um samkomulagið komu fram eftirfarandi bókanir og fyrirvarar:

A. Dagvistunarmál

Athugun fari fram á vegum bankanna og Sambands ísl. bankamanna um möguleika á stofnun dagvistunarheimilis fyrir börn starfsmanna bankanna.

B. Lífeyrisréttindi í einkabönkunum

Stjórn Sambands ísl. bankamanna meðtók bréf, dags. 16. júní 1976 frá fulltrúum einkabankanna í viðræðunefnd bankanna um lífeyrisréttindi starfsfólks einkabankanna, og er það fylgiskjal II með samkomulagi þessu.

C. Dagvinnutaxti

Dagvinnutaxti, pr. klst., miðist við deilistölu 160, miðað við það þrep í launaflokki, sem viðkomandi starfsmaður er í.

D. Greiðsla fyrir vaktir í bankahúsunum

Samkomulag er um, að greiðsla vegna vakta í bankahúsunum sé sem hér segir:

- a) Fyrir fasta vaktmenn, sem skilað hafa 40 stunda vikulegri vinnuskyldu og fyrir bankastarfsfólk, sem stendur aukavaktir: 800 kr. pr. klst.
- b) Fyrir aðra, sem standa sambærilegar vaktir: 500 kr. pr. klst.

E. Röðun í flokka

Í viðræðum aðila var fullur skilningur um millifærsluaðferð, þ.e. flokkatilfærslur og þrepatilfærslur.

F. Réttarstöðumál

Samband ísl. bankamanna og viðræðunefnd bankanna hafa orðið sammála um efni yfirlýsingar og meginatriði samkomulags, sem nánar verður útfært fyrir septemberlok n.k., en skjöl þessi eru hluti samkomulags þessa og fylgja sem fylgiskjal nr. III.

FYLGISKJAL II

Við setningu síðustu launareglugerðar starfsmanna bankanna í febrúar 1972 gáfu fulltrúar einkabankanna út yfirlýsingu þess efnis m.a. að stefna beri að því að starfsfólk einkabankanna fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna. Einnig var því lýst yfir, að athugun yrði haldið áfram hver næstu skref yrðu á þeirri braut að því lokamarki yrði náð.

Við gerð almennra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar á þessu ári varð samkomulag um endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið endurskipulagningarinnar skyldi vera m.a. „Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma.“

Til þess að semja tillögur um nýskipan lífeyrismála tilnefna aðilar 6 menn til þess að starfa með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og öðrum aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði. Ríkisstjórnin skipar þessa menn í nefnd, sem vera skal vettvangur fyrir allt starf að endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Ríkisstjórnin leggur nefndinni til sérfræðiþjónustu og aðra nauðsynlega fyrirgreiðslu, þannig að hún geti skilað álitum fyrir septemberlok 1976.

Á grundvelli tillagna þessarar nefndar, og að lokinni nægilegri kynningu þeirra fyrir hlutaðeigandi, verður síðan unnið þannig að málum, að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi vorið 1977. Nýskipan lífeyriskerfisins taki síðan gildi 1. janúar 1978.

Þá urðu aðilar vinnumarkaðarins sammála um eftirfarandi bráðabirgðalausn um breytingu á starfsemi lífeyrissjóða þar til fyrrgreind nýskipan tekur gildi þann 1. janúar 1978:

1. Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt lögum nr. 63/1971, skal árin 1976 og 1977 greidd sérstök uppbót, umfram það,

sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 63/1971, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. nefndra laga, eins og þau eru samkvæmt kaup-taxta í byrjun og um mitt hvors þessara ára um sig, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa, en útgjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með eftirgreindum hætti:

- a) Hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi þessu, leggur fram 4% af iðgjaldtekjum hvors árs. Þessu fé skal umsjónarnefnd eftirlauna skipta milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar.
- b) Það, sem á kann að skorta, að fé skv. a) hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót á lífeyri, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga.
- c) Greiðsla hinnar sérstöku uppbótar skal fara fram í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 63/1971.

Lífeyrissjóðirnir hafa skuldbundið sig til að taka á sig þær kvaðir, sem ofangreind bráðabirgðalausn felur í sér, þar á meðal Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Lífeyrissjóður S.Í.S., en Starfsfólk einkabankanna er aðilar að þeim lífeyrissjóðum.

Þá liggur fyrir eftirfarandi yfirlýsing frá ríkisstjórninni:

„Ríkisstjórnin lýsir því hér með yfir, að hún muni heimila þær breytingar á reglugerðum lífeyrissjóða, sem nauðsynlegar eru vegna samkomulags ASÍ og vinnuveitenda í febrúar 1976 um greiðslu sérstakrar uppbótar úr lífeyrissjóðum á árunum 1976 og 1977 á eftirlaun þeirra, sem rétt eiga til eftirlauna skv. lögum nr. 63/1971,

og vegna greiðslu hliðstæðrar lífeyrishækkunar 1976 og 1977 úr lífeyrissjóðum, sem ekki eru aðilar að samkomulagi þessu.

27. febrúar 1976.

Geir Hallgrímsson.“

Með skírskotun til framanskráðrar frásagnar af væntanlegri endurskipulagningu lífeyrissjóðakerfisins, sem taka á gildi 1. janúar 1978, úrlausn til bráðabirgða fyrir árin 1976 og 1977 svo og yfirlýsingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og Lífeyrissjóðs S.Í.S. ásamt með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi málið allt, líta stjórnendur einkabankanna svo á að með þessu sé starfsfólki einkabankanna tryggð sambærileg lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna hefur notið og stefnt var að ná fyrir starfsfólk einkabankanna.

FYLGISKJAL III

Tillaga að yfirlýsingu
og meginatriðum væntanlegs samkomulags

1. Yfirlýsing

Bankaráð og bankastjórnir ríkisbankanna munu beita sér fyrir því, að í væntanlega nýja löggjöf um viðskiptabankana verði sett lagagrein, sem kveði á um eftirfarandi meginatriði:

1. Að laun og önnur kjör starfsmanna ríkisbankanna verði ákveðin með kjarasamningum á milli bankaráða og bankastjórna annars vegar og heildarsamtaka bankanna hins vegar.
2. Að um fyrirkomulag þessara kjarasamninga fari eftir nánara samkomulagi aðila, sem verði lokið áður en frumvarp að bankalöggjöf sé lagt fram.
3. Að jafnframt sé kveðið svo á, að ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, skuli ekki gilda um starfsmenn ríkisbankanna.

Samsvarandi 1., 2. og 3. gildir að því er varðar Seðlabankann. Gert er ráð fyrir, að slík löggjöf verði sett á löggjafarþinginu 1976—1977. Ef ný bankalöggjöf með framangreindum ákvæðum verður hins vegar ekki samþykkt af Alþingi fyrir febrúarlok 1977, munu sömu bankaráð og bankastjórnir beita sér fyrir því, að lögð verði fram frumvörp til breytinga á ákvæðum gildandi sérlaga um ríkisbankana í fullu samræmi við framangreint.

Yfirlýsing þessi er gefin í samráði við ráðherra.

2. Meginatriði væntanlegs samkomulags

Fyrir lok septembermánaðar n.k., sé gert samkomulag um fyrirkomulag væntanlegra kjarasamninga. Í þessu samkomulagi séu tekin fram eftirfarandi meginatriði:

1. Kjarasamningur skal ákveða um föst laun, fjölda launaflokka, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu, orlof, greiðslu ferðakostnaðar, fæðisaðstöðu, tryggingar, meginreglur til viðmiðunar um röðun starfsheita í launaflokka og önnur kjaraatriði, sem eigi eru lögbundin.
2. Kjarasamningur gildi skemmst 24 mánuði frá gildistöku-degi miðað við mánaðamót. Uppsagnarfrestur sé skemmst 3 mánuðir. Óski annar hvor aðila, að gefnu sérstöku tilefni, endurskoðunar á launalið kjarasamnings á samningstím-anum skulu aðilar þegar í stað hefja viðræður. Náist ekki samkomulag innan 30 daga skal ágreiningsatriðum skotið til úrlausnar gerðardóms sbr. ákvæði 4. tl.
3. Samningar skulu fara fram á milli samninganefnda þriggja til sjö manna, er hvor aðili um sig skipar. Kjarasamningar skulu staðfestir af hlutaðeigandi bankaráðum og stjórn Sambands íslenskra bankanna.
4. Náist ekki samkomulag á milli samninganefnda, geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms. Skal dómurinn skipaður einum manni frá hvorum aðila og oddamanni, er aðilar komi sér saman um, og sé hann formaður dómsins. Oddamaður velur tvo menn til viðbótar í dóminn utan raða samningsaðila. Gerðardómur skal fella úrskurð innan eins mánaðar frá því, að málinu er vísað til hans, nema aðilar komi sér saman um lengri frest. Skal úrskurðurinn taka tillit til starfskjara og þróunar þeirra við sambærileg störf á vinnumarkaði almennt, hvort sem er hjá atvinnufyrirtækjum eða ríki, ríkisstofnunum, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.
5. Náist ekki samkomulag á milli samninganefnda né um málskot til gerðardóms skal þegar í stað skipa sáttanefnd. Jafnframt er heimilt að beita vinnustöðvun, er skal boðuð

með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Óheimilt er að hefja vinnustöðvun

1. ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans,
2. ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 6. tl.,
3. til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

Sáttanefnd skal skipuð sínum manni frá hvorum aðila og oddamanni, er aðilar komi sér saman um. Oddamaður kveðji tvo menn til viðbótar með sér til starfa. Náist ekki samkomulag um oddamann tekur sáttasemjari ríkisins eða staðgengill hans sæti oddamanns.

6. Sáttanefnd skal leggja fram sáttatillögu ekki síðar en fimm sólarhringum fyrir boðaða vinnustöðvun. Getur hún jafnframt frestað vinnustöðvun í allt að fimmtán daga. Sáttatillaga telst felld ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra bankastarfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt. Atkvæðagreiðslur um samninga og um sáttatillögu fari fram af hálfu bankaráða með þeim hætti, að atkvæði séu greidd í bankaráðum (og í stjórn Sambands íslenskra sparisjóða) og ráði meirihluti atkvæða afstöðu hversrar stofnunar um sig. Atkvæði stofnananna séu síðan vegin saman með ákveðnum vogum, og ráði meirihluti atkvæða, sem þannig er fenginn.

Ef sáttatillaga er felld geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms sbr. 4. tl. Eftir að vinnustöðvun er hafin, getur sáttanefnd borið fram

miðlunartillögu, og fer um hana eftir sömu reglum og sáttatillögu, að því er varðar atkvæðagreiðslu.

7. Þegar vinnustöðvun er hafin skulu allir afgreiðslustaðir viðkomandi stofnana vera lokaðir og er öllum félagsmönnum S.Í.B. óheimilt að vinna nokkurt starf fyrir vinnuveitanda sinn, þó með eftirtöldum undantekningum:

- 1) Vinnuveitendur geta a.m.k. 3 dögum áður en boðuð vinnustöðvun á að hefjast lagt fyrir S.Í.B. skrá um nöfn þeirra starfsmanna, er vinna skulu meðan á vinnustöðvun stendur, og mega á þeirri skrá vera allir þeir, sem hafa húsvörzlu að aðalstarfi og auk þeirra allt að 5 af hundraði þeirra félagsmanna S.Í.B., sem starfa hjá hverjum vinnuveitanda. Skránni má ekki breyta meðan á vinnustöðvun stendur, nema með samþykki S.Í.B.
- 2) Starfsfólki á framangreindri skrá er skylt og einungis heimilt að vinna að eftirtöldum verkefnum:
 - a) nauðsynlegum afgreiðslum til þess að standa við beinar skuldbindingar stofnunarinnar við erlenda aðila, greiðslur erlendra ábyrgða og greiðslu vaxta og afb. af erlendum lánum stofnunarinnar sjálfrar eða sem hún er í ábyrgð fyrir. Enn fremur að inna af hendi greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánum íslenskra ríkisins eða sem eru með ábyrgð þess.
 - b) nauðsynlegri öryggisvörzlu
 - c) vinnu við erlendan póst, símskeyti og telexsamboð
- 3) Um laun og kjör þeirra sem vinna meðan á vinnu-

- stöðvun stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að lokinni vinnustöðvun.
8. Um ágreiningsatriði varðandi framkvæmd kjarasamnings skal fjallað um af kjaranefnd. Skal hún skipuð þremur mönnum frá hvorum aðila að loknum kjarasamningum og starfa þar til nýir samningar hafa verið gerðir. Kjaranefnd skal kveðja oddamann til starfa með sér til að fjalla um atriði, sem ekki næst samkomulag um.
 9. Gert er ráð fyrir, að einkabankarnir gerist aðilar að því fyrirkomulagi kjarasamninga, sem að framan er lýst. Þá geta aðrir vinnuveitendur félagsmanna S.Í.B. einnig gerzt aðilar.
 10. Viðurkennd verði réttarstaða trúnaðarmanna S.Í.B. og um það gert sérstakt samkomulag.
 11. Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur. Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir S.Í.B. annars vegar og hlutaðeigandi bankaráð hins vegar dómara til setu í dóminum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af A.S.Í. og V.S.Í. S.Í.B. rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.
 12. Þessi meginatriði væntanlegs samkomulags eru forsenda væntanlegra lagaákvæða um réttarstöðu félagsmanna S.Í.B. Gert er ráð fyrir að gildistími samkomulagsins verði hinn sami og lagaákvæðanna. Aðilar geta þó hvenær sem er breytt samkomulaginu séu þeir um það sammála.

Kæri félagi!

Samkomulag um störf og launakjör starfsmanna bankanna er gert var 18. júní 1976 og þú hefur nú fengið í hendur, kemur nú í fyrsta sinn út í handhægu vasa-brotsformi svo auðvelt sé að grípa til þess og vísa í það hvenær sem þess kann að gerast þörf. Teljir þú að þú njóttir ekki rétttra launa eða kjara samkvæmt samkomu-lagi þessu, biðjum við þig að hafa samband við formann þíns starfsmannafélags eða beint við skrifstofu Sam-bands íslenzkra bankamanna.

Formenn starfsmannafélaganna þann 1. júlí 1976:

Félag starfsmanna Landsbanka Íslands

Hermann Stefánsson

Starfsmannafélag Útvegsbanka Íslands

Eyjólfur Halldórsson

Starfsmannafélag Búnaðarbanka Íslands

Böðvar Magnússon

Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands

Skúli Sigurgrímsson

Starfsmannafélag Samvinnubankans

Helgi Sigurðsson

Starfsmannafélag Lönaðarbanka Íslands

Þorgrímur Einarsson

Starfsmannafélag Verzlunarbanka Íslands

Þorsteinn Ragnarsson

Félag starfsmanna Alþýðubankans

Erlingur Jónsson

Starfsmannafélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis

Einar A. Jónsson

Starfsmannafélag Sparisjóðs Kópavogs

Albert Sveinsson

Starfsmannafélag Sparisjóðs Hafnarfjarðar

Þorleifur Sigurðsson

Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna

Gísli Jafetsson